



FJARÐABYGGÐ

# Bæjarskrifstofa að Hafnargötu 2

## Ræsting

### Verðfyrirspurn

Október 2020

Lýsing verðfyrirspurnar og tilboðsblað

**Efnisyfirlit:**

Lýsing verðfyrirspurnar

Verklýsing og framkvæmd ræstingar bæjarskrifstofu

Húsbúnaður á bæjarskrifstofu

Tilboðsblað

**Fylgigögn verðfyrirspurnar:**

Verklýsing sundurliðuð á einstaka verkþætti, 1 blað/skjal

Málsett teikning af húsnæði og vinnustöðvum, 1 blað/skjal

# Lýsing verðfyrirspurnar

## 1. Almenn lýsing verðfyrirspurnar

Fjarðabyggð kt. 470698-2099 óskar eftir tilboðum í ræstingu á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar að Hafnargötu 2 Reyðarfirði. Um er að ræða það húsnæði sem tilheyrir bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar á annarri hæð hússins að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði (Molinn) skv. lýsingu. Tilboð innifelur vinnulið ræstingar ásamt öllum efnum og tækjum sem þarf við ræstingu. Ræsting er boðin út til þriggja ára frá 1. janúar 2021 að telja með framlengingarrétti. Gerður verður sérstakur samningur um ræstinguna sem kveður á um skuldbindingar aðila samnings.

Verðfyrirspurnargögn eru einungis afhent rafrænt. Tilboðum skal skila á ofangreindu tilboðsblaði með rafrænum hætti og skal það fyllt út eins og texti og form þess segir til um. Verðfyrirspurnin er auglýst á vef sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Ekki eru sett skilyrði fyrir því hverjir bjóða megi í verkið.

Boð skulu gerð á grundvelli fyrirspurnargagna eins og þau liggja fyrir. Tilboðsfjárhæð skal miðuð við ársgrunn með virðisaukaskatti og verður grunnforsenda samnings út samningstíma.

Fjarðabyggð áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

## 2. Upplýsingar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á fyrirspurnargögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann senda Fjarðabyggð skriflega fyrirspurn eigi síðar en sex almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnum sem borist hafa innan tilskilins frests verður svarað eigi síðar en fjórum almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

## 3. Gerð og frágangur tilboðs.

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsgögnum (sjá tilboðsblað). Einnig skal skila öllum fylgigögnum með tilboði á rafrænu formi.

Undirrituð tilboð skulu send rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu bæjarskrifstofu“ á netfangið [fjardabyggd@fjardabyggd.is](mailto:fjardabyggd@fjardabyggd.is) með Cc. á Gunnlaug Sverrisson á pósthfangið [gunnlaugur.sverrisson@fjardabyggd.is](mailto:gunnlaugur.sverrisson@fjardabyggd.is)

Tilboð skulu hafa borist eigi síðar en kl. 13:00 á hádegi þann 3. nóvember 2020. Opnun tilboða fer fram kl. 13.00 sama dag. Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að tilboð komist í réttar hendur fyrir opnun þeirra.

Tilboð sem berast síðar verða ekki opnuð og teljast ógild.

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

## 4. Kröfur um upplýsingar og fjárhagslega stöðu

Um skilyrði varðandi aðstæður bjóðenda og hæfi er vísað til innkaupareglna Fjarðabyggðar m.a. er gerð krafa um að bjóðandi uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a) Að tilboðsgjafi hafi a.m.k. 3ja ára reynslu af ræstingastörfum eða umsjón með sambærilegum verkefnum.
- b) Að tilboðsgjafi sýni fram á jákvæða eiginfjárstöðu.
- c) Að tilboðsgjafi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða iðgjöld vegna starfsmanna.
- d) Að tilboðsgjafi sæti ekki nauðasamningum, greiðslustöðvunum eða sé undir gjaldþrotaskiptum
- e) Að tilboðsgjafi haf ekki verið sakfeldur með endanlegum dómi um refsivert brot.

## Verklýsing og framkvæmd ræstingar bæjarskrifstofu að Hafnargötu 2 Reyðarfirði

Teikning af húsnæði og skipulagi einstakra rýma kemur fram á teikningu sem fylgir fyrirspurnargögnum ásamt verklýsingu. Lýsing á húsbúnaði er hér að neðan.

### Lýsing á húsnæði

Húsnæði Molans var byggt 2006 og er húsnæði bæjarskrifstofu á 2. hæð um 436,1 fermetrar að stærð. Húsnæði bæjarskrifstofu er steinsteypt og skiptist í sextán stök rými, auk þriggja sameiginlegra rýma með Mannvit verkfræðistofu; eldhús/ kaffistofa og þrjár starfsmannasnyrtingar. Ræsting skal ná yfir hið sameiginlega rými. Á gólfum er linólíum dúkur að mestu en einnig náttúruflísar á afgreiðslu, hluta af gangi og í eldhúsi. Veggir eru allir málaðir.

### Almennt um ræstinguna

Húsnæði bæjarskrifstofu er almennt tilbúið til ræstingar kl: 17:00 á virkum dögum. Forstöðumaður stjórnarsýslu getur ákveðið að þríf hefjist síðar þegar nauðsyn krefur. Lýsing á framkvæmd ræstingar er í sérstakri verksundurliðun. Í eldhúsi er uppþvottavél. Fimm daga vikunnar þarf að setja í vélina og ganga frá kaffibollum og diskum. Ruslafötur eru ekki staðsettar á vinnustöðvum starfsmanna. Lýsing á stærð einstakra rýma af húsnæði skrifstofunnar er að finna í sérstakri teikningu. Tilgreina skal ábyrgðarmann fyrir ræstingu og skilgreina úttektir á ræstingu í samningi. Tilgreina þarf þá starfsmenn sem sinna ræstingu hverju sinni til forstöðumanns stjórnarsýslu. Starfsmenn þurfa að undirrita trúnaðareidd áður en þeir mega ræsta í nafni verksala.

### Bæjarskrifstofan – einstök rými

Salerni fyrir framan inngang: Náttúruflísar á gólfi, salerni, handlaug, spegill, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós og ljósrofi.

Anddyri: Borð, stólar, gluggar, gler, ljósarofar, hurðir, lagnastokkur og náttúruflísar á gólfi.

Gangur: Hluti af gangi er lagður náttúruflísu. Nokkrar myndir á veggjum

Fjármálasvið – Stjórnarsýslu og þjónustusvið: Ellefu vinnustöðvar. skápar með opnum hillum og hurðum, hurðir, skrifborð, stólar, skilrúm, tölvur, gluggar, gluggakistur, lagnastokkar, ljósrofar, ljós og ruslafötur.

Viðtalsherbergi – Stólar, skápur, (á teikningu er herbergi hluti af fjármálasviði – stjórnarsýslu og þjónustusviði)

Fundarherbergi 1 og 2: Skápar með opnum hillum og hurðum, hurðir, fundarborð og stólar, tölva, gluggar, gluggakista, lagnastokkar, ljósrofar og ljós.

Fundarherbergi 5 – Fundarborð og stólar. Sjónvarp á vegg.

Fundarherbergi 6 – Fundarborð og stólar. Sjónvarp á vegg

Bæjarstjóri - Ein vinnustöð. Skápar með opnum hillum og hurðum, hurð, skrifborð, stólar, tölva, gluggi, gluggakista, lagnastokkur, ljósrofar og ljós.

Umhverfis- og skipulagssvið – Þrjár vinnustöðvar. Fundarborð og stólar. Skápar með opnum hillum og hurðum, hurð, skrifborð, stólar, tölvur, gluggar, gluggakistur, lagnastokkur, ljósrofar og ljós.

Launadeild - Fjórar vinnustöðvar. Skápar með opnum hillum og hurðum, hurð, skrifborð, stólar, tölvur, gluggar, gluggakistur, lagnastokkur, ljósrofar og ljós.

Fjölskyldusvið - Tólf vinnustöðvar. Skápar með opnum hillum og hurðum, hurðir, skrifborð, stólar, skilrúm, tölvur, gluggar, gluggakistur, lagnastokkar, ljósrofar og ljós.

Fundaherbergi 3 – Fundarborð og stólar. Sjónvarp á vegg.

Fundaherbergi 4 – Fundarborð og stólar. Tveir sófar, ruslafötur. Sjónvarp á vegg

Tækjarými – Prentarar, hillur, hurðir, borð, ruslafötur.

Skjalageymsla – Skjalarekkar. Lítið gólfpláss.

### **Rými sameiginleg með Mannvit verkfræðistofu**

Eldhús / kaffistofa: Náttúruflísar á gólfi, borð, stólar, ísskápar, frystiskápar, gluggar, gluggakista, innrétting með vaski, hurðir, ruslafötur, ljós, ljósarofar og uppþvottavél.

Salerni karla – Náttúruflísar á gólfi, salerni, handlaug, ruslafata, spegill, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós og ljósrofi.

Salerni kvenna - Náttúruflísar á gólfi, salerni, handlaug, ruslafata, spegill, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós og ljósrofi.

## Tilboðsblað í ræstingu á bæjarskrifstofu að Hafnargötu 2 Reyðarfirði

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í ræstingu í bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar að Hafnargötu 2 Reyðarfirði til Fjarðabyggðar kt. 470698-2099. Undirritað tilboð skal sent rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu bæjarskrifstofu“ á netfangið [fjardabyggd@fjardabyggd.is](mailto:fjardabyggd@fjardabyggd.is) með Cc. á Gunnlaug Sverrisson á pósthfangið [gunnlaugur.sverrisson@fjardabyggd.is](mailto:gunnlaugur.sverrisson@fjardabyggd.is)

Tilboði skal skilað fyrir kl. 13:00, þann 3. nóvember 2020.

Tilboðsgjafi \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Tilboðsfjárhæð:

Bæjarskrifstofa

1. Ræsting á ári (mv. 12 mánuði) \_\_\_\_\_ kr. með VSK

Verðbreytingar á samningstíma: \_\_\_\_\_

Athugasemdir

---

---

Staður og dagsetning \_\_\_\_\_

Undirskrift tilboðsgjafa